

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 49/98  
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 11/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/16/EB frá 10. apríl 1997 um fimmtánda breytingu á  
tilskipun 76/769/EBE um takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og  
efnablandna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka  
við samninginn:

„- **397 L 0016:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/16/EB frá 10. apríl 1997 (Stjtið.  
EB nr. L 116, 6. 5. 1997, bls. 31).”

2. gr.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 8.10.1998, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8. 10. 1998, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 6. 5. 1997, bls. 31.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/16/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner